

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

JÚNÍ



NÝSKÖPUNAR- VIKAN

SSNV tók þátt í Nýsköpunarvikunni í samvinnu við SSNE. Haldinn var fjöldi viðburða, farið í rafrænt ferðalag um Norðurland og Hugmyndaþorpið fylltist af frábærum hugmyndum um hvernig fullvinna má afurðir.




ÚTIBÚIÐ

Útibúið, skrifstofusetur var formlega opnað í húsnæði Landsbankans á Hvammstanga. Þar eru til útleigu 10 fyrsta flokks skrifstofurými í björtu og glæsilegu húsnæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.



HLAÐVARP MÁNAÐARINS

Viðmælandi hlaðvarps mánaðarins var Sigurður Hauksson, umsjónarmaður skíðasvæðis Tindastóls.



HRINGRÁS NÝSKÖPUNAR

SSNV er aðili að verkefninu Hringrás nýsköpunar sem hlaut styrk úr Lóu, nýsköpunarsjóði landsbyggðanna. Verkefnið gengur út á að halda árlega hakaþon, frumkvöðlasmiðju, viðskiptahraðal og fjárfestahátið. Samstarfsaðilar eru auk SSNV, SSNE, Nýsköpun í norðri, Hacking Hekla og Eimur.




HNITSETNING GÖNGULEIÐA

Anton Scheel Birgisson var ráðinn til að hnitsetja gönguleiðir á Norðurlandi vestra í sumar. Verkefninu er fram haldið frá síðasta ári þegar hátt í 40 leiðir voru gengnar.



KYNNING Á VERKEFNUM

Magnús Jónsson, verkefnisstjóri fjárfestinga hjá SSNV og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri, héldu erindi á viðburði nokkurra ráðuneyta á Nýsköpunarvikunni. Magnús fjallaði um glatvarmaverkefni sem er að fara af stað í tengslum við gagnaverið á Blönduósi og Unnur fjallaði um sóknaráætlanir landshlutanna.



STARF ÁN STAÐ- SETNINGAR

Með opnun Útibúsins á Hvammstanga skapast aðstaða fyrir störf án staðsetningar. Fyrsti starfsmaðurinn sem leigir rými í Útibúinu hefur hafið störf en það er Beate Kury sem starfar hjá Ferðamálastofu.



LAUST STARF HJÁ SSNV

Auglýs var laus til umsóknar staða verkefnisstjóra sóknaráætlunar hjá samtökunum með aðalstarfsstöð á Skagaströnd og fasta vikulega viðveru á Blönduósi.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA